

Mál nr. 196/2020**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut, við Kaldárselsveg í Hafnarfirði, þann 9.12.2019.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, mótttekið 2. júní 2020, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V1, dags. 22. júlí 2020.

Tölvupóstur V2, dags. 9. júlí 2020.

Tölvupóstur V2, dags. 28. ágúst 2020

Málsatvik.

Árekstur varð á Reykjanesbraut við Kaldárselsveg þann 9. desember 2019 á milli ökutækja A og B, sem óku til suðurs. Ágreiningurinn snýr bæði að því hvor ökumaður beri sök á árekstrinum og einnig að uppgjöri bóta fyrir viðgerð á A

Aðilar fylltu ekki út sameiginlega tjónstilkynningu og var ágreiningur á milli þeirra um stöðu ökutækjanna er áreksturinn varð. Ökumaður A kveðst hafa ekið á hægri akrein til suðurs þegar B hafi verið ekið af bannsvæði vinstri akreinar á vinstri hlið bifreiðar hans. Ökumaður B kveðst hafa verið að aka á vinstri akrein til suðurs þegar ökumaður A hafi skyndilega skipt um akrein og ekið í hægri hlið B. Eftir töluverð samskipti samþykkti M að sök væri skipt til helminga. M fór með A í viðgerð en þá kom upp ágreiningur við V2 um uppgjör tjónsins þar sem V2 vildi skerða bætur fyrir viðgerðina þar sem tjónsmat hafi falið í sér viðgerð á eldra tjóni. Við nánari skoðun á málinu telur M niðurstöðu um sakarskiptingu ósanngjarna og telur að alla sök eigi að fella á ökumann B, sem hafi verið að aka vinstri akrein, sem þrengdist og sameinaðist hægri akrein. Hann hafi ekki gætt að sér og ekið á A, sem var á hægri akrein.

Í tölvupósti V1 kemur fram að þar sem ágreiningurinn snúist fyrst og fremst um uppgjör tjónsins á milli M og V2 en ekki um skiptingu sakar í málinu, geri félagið ekki athugasemdir vegna málsins.

Í tölvupósti V2 frá 9. júlí 2020 kemur fram að félagið taki undir með Tjónanefnd vátryggingafélaganna og telji rétt að skipta sök til helminga þar sem ósannað sé um stöðu ökutækja í aðdraganda árekstursins. Þá kemur fram að ástæða þess að félagið hafi lækkað bætur til M væri sú að skemmdir voru fyrir á bifreiðinni fyrir áreksturinn eins og skýrt komi fram í skýrslu arekstur.is vegna málsins. Því hafi félagið tekið út kostnað við lagfæringar á eldri skemmdum og ekki samþykkt nema 50% af viðgerðarmati á grundvelli tjónsmats frá verkstæði.

Álit

Ágreiningur máls þess snýr annars vegar að sakarskiptingu og hins vegar uppgjöri tjóns. Hvað sakarskiptinguna varðar þá greinir aðila á um hver staða ökutækjanna var er áreksturinn varð. Þar sem ekki er neinum gögnum til að dreifa til að styðja framburð ökumanna verður að skipta sök til helminga.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum getur nefndin fjallað um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki málsaðila. Slíkt samþykki liggur fyrir í málskoti M og í tölvupóst frá V2 frá 28. ágúst 2020, en ágreiningurinn snýr eingöngu að því félagi. Fyrir liggur að eldra tjón var á ökutæki A og eru aðilar sammála um að V2 beri ekki að bæta það tjón. Fyrir liggur viðgerðarmat frá verkstæði og sérstök rannsókn á vegum arekstur.is á skemmdum á bifreiðinni. V2 hefur metið þau gögn og komist að þeirri niðurstöðu að þeirra hlutur af heildarviðgerðarkostnaði sé kr. 146.738,- að teknu tilliti til sakarskiptingar til helminga og eldri skemmda á A. M ber sönnunarbyrði

fyrir umfangi síns tjóns og hefur ekki tekist að færa sönnur á að tjón á A vegna þessa áreksturs sé hærra en framangreindri fjárhæð nemur.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga. M á rétt á bótagreiðslu að fjárhæð kr. 146.738,-

Reykjavík, 15. september 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.